

ÁÆTLUN GEGN EINELTI, OFBELDI OG ÁREITNI

Ljósmyndaskólinn hefur ætlun gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni. Allir nemendur sem og starfsmenn við skólann eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og án þess að þurfa að þola kynbundið ofbeldi af neinu tagi, hvorki kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni. Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Ljósmyndaskólanum Einelti er ekki liðið innan skólans.

Ef starfsmenn eða nemendur telja sig verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegu ofbeldi eða áreitni skulu þeir leita eftir aðstoð innan skólans. Leita skal til stjórnenda eða námsráðgjafa ef nemendur eða starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi af einhverju tagi. Leitað verður sátta eftir bestu getu en ef grunur er um alvarlegt brot skal málið sett í lögformlegan farveg.

Samkvæmt reglugerð er einelti skilgreint sem endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna eða valda vanlíðan hjá þeim sem háttsemin beinist að. Þetta á einnig við um skilaboð eða aðrar upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti.

Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafningja.

Ef nemandi eða starfsmaður verður fyrir eða fær vitneskju um einelti eða kynferðislega eða kynbundna áreitni eða ofbeldi innan skólans skal viðkomandi tafarlaust upplýsa stjórnendur skólans eða námsráðgjafa um það. Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar ef ástæða þykir til. Markmið stjórnenda skólans er að ávallt skuli brugðist eins skjótt við og nokkur kostur er komi slík mál upp. Gildir þá einu hvort um ræðir einelti eða áreitni í garð nemanda, starfsmanns eða stjórnanda. Ásakanir um einelti eða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða ofbeldi eru ávallt teknar alvarlega. Svo fljótt sem mögulegt er skal leita eftir frekari upplýsinga um hvort upplýsingar um áreitni eða ofbeldi eigi við rök að styðjast. Ef þörf krefur er leitað utanaðkomandi ráðgjafar. Ávallt er leitast við að hafa sanngirni og óhlutdrægni að leiðarljósi. Gripið er til viðeigandi ráðstafana til að stöðva kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, ofbeldi eða einelti. Rætt er við málsaðila einslega. Allir aðilar máls eiga kost á að ræða sérfræðing í meðferð slíkra mála. Þar sem áreitni eða ofbeldi snúast um samskipti er mikilvægt að aðilar málsins komi sjálfir með hugmyndir að lausn vandans sem tekið verður tillit til við úrlausn mála.

Kynning á þessari stefnu skólans fer fram við skólasetningu með vísun í Nemendahandbók skólans. Einnig er farið yfir áætlunina í kynningu námsráðgjafa í upphafi skólaárs.